

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
landsskipulag@skipulag.is

Dags. 08.01.2021
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2019-0094
0.5.1

Með erindi dags. 13. nóvember sl. og í breytttri útgáfu þann 18. sama mánaðar óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

- 1) Í upptalningu í rammagrein 5.4.1 *Greining áskorana* (bls. 31) skal bætt við **sjávarflóðum, flóðbylgjum** og **skyndiflóðum**.
- 2) Eftirfarandi viðbætur og breytingar er rétt að gera á kaflanum *Skipulag og mannvirkjagerð með tilliti til umhverfisbreytinga* (bls. 33):

Aftast í fyrstu málsgrein bætist við eftirfarandi: *Hafa ber í huga heildrænar lausnir, þannig að skipulagsaðgerðir á einum stað hafi ekki neikvæð áhrif á öðrum.*

Önnur setning annarrar málsgreinar hljóði svo: *Mikilvægt er að draga úr áhrifum af flóðum innan byggðar með því að taka tillit til hækkunar á sjávarstöðu og einnig mögulegu umfangi vatnsflóða og skyndiflóða við skipulag og mannvirkjagerð.*

Aftast í þriðju málsgrein verði bætt við eftirfarandi: *Veðurstofan vinnur að hættumati vegna vatnsflóða, þ.m.t. skyndiflóða í þéttbýli. Niðurstöður verða gerðar aðgengilegar um leið og þær liggja fyrir.*

Þá bætist við kaflann svohljóðandi ný málsgrein um gróðurelda, 4. málsgrein: *Við skipulagsgerð, sér í lagi við skipulag skóglendis og annarra grænna innviða eða svæða sem bjóða upp á möguleika á grænum innviðum, er brýnt að taka tillit til mögulegra gróðurelda. Hugsa þarf að atriðum eins og flóttaleiðum, brunahólfum og öðru sem miðar að því að koma í veg fyrir manntjón og draga úr möguleikum á eignatjóni.*

Loks verði bætt við kaflann svohljóðandi nýrri málsgrein um skriðuföll, 5. málsgrein: *Loftslagsbreytingar geta leitt af sér bráðnun sífrera, sem eykur líkur á skriðuföllum. Eins getur hörfun jökla leitt til óstöðuleika í hlíðum. Veðurstofan vinnur nú að kortlagningu á óstöðugum hlíðum, þ.e. kortlagningu á svæðum þar sem skriðuhætta er til staðar. Æskilegt er að tekið verði tillit til þessara upplýsinga við skipulagsgerð.*

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ